

STJÓRN ORKUVEITU REYKJAVÍKUR

Ár 2008, föstudaginn 1. febrúar kl. 14:00 var haldinn 81. fundur í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn að Bæjarhálsi 1.

Þessi sátu fundinn: Kjartan Magnússon, Ásta Þorleifsdóttir, Gunnar Sigurðsson, Björn Bjarki Þorsteinsson, Júlíus Vífill Ingvarsson, Sigrún Elsa Smáradóttir og Svandís Svavarsdóttir. Ennfremur sátu fundinn forstjóri og framkvæmdastjóri fjármála.

Fundarritari var Ingibjörg Sverrisdóttir.

Þetta gerðist:

1. Lagt fram bréf borgarstjórans í Reykjavík, dags. 25. þ.m. um kjör stjórnarmanna Reykjavíkurborgar til júní 2008.

Aðalmenn:

Kjartan Magnússon, Júlíus Vífill Ingvarsson, Ásta Þorleifsdóttir, Sigrún Elsa Smáradóttir, Svandís Svavarsdóttir.

Varamenn:

Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir, Hanna Birna Kristjánsdóttir, Gunnar Hólm Hjálmarsson, Margrét K. Sverrisdóttir, Dagur B. Eggertsson.

Formaður var kjörinn Kjartan Magnússon.

Varaformaður var kjörinn Ásta Þorleifsdóttir.

2. Lögð fram eftirfarandi tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins frá síðasta stjórnarfundum:

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur samþykkir að fundargerðir stjórnar félagsins verði gerðar opinberar og birtar á heimasíðu fyrirtækisins.

Tillögunni fylgir greinargerð.

Tillagan samþykkt samhljóða.

3. Forstjóri gerði grein fyrir drögum að frumvarpi til laga um breytingar á orkusviði.

Samþykkt eftirfarandi bókun stjórnar:

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur fagnar þeirri áherslu í frumvarpsdrögum til laga á orkusviði að tryggja með afgerandi hætti að eignarhald orkuauðlinda í opinberri eigu verði það áfram. Stjórn mun fjalla um frumvarp til orkulaga í heild sinni þegar það berst Orkuveitu Reykjavíkur með formlegum hætti.

4. Lögð fram þriggja ára áætlun samstæðu Orkuveitu Reykjavíkur 2009-2011. Framkvæmdastjóri fjármála gerði grein fyrir áætluninni.

Afgreiðslu frestað til næsta fundar.

5. Lögð fram tillaga um að stjórn Orkuveitu Reykjavíkur samþykki að skipa Kjartan Magnússon, Ástu Þorleifsdóttur og Sigrúnu Elsu Smáradóttur til setu í Vísindaráði Umhverfis- og orkurannsóknasjóðs Orkuveitu Reykjavíkur.

Samþykkt.

6. Lagt fram bréf Alcan dags. 28. desember s.l. varðandi samning milli Orkuveitu Reykjavíkur og Alcan á Íslandi.

Forstjóri gerði grein fyrir stöðu viðræðna milli fyrirtækjanna.

7. Lagt fram erindi Sigurgeirs B. Geirssonar Nýjum virkjunum, varðandi tilboð í 4. áfanga Helliheiðaræðar og Engidalsæðar. Óskað er eftir samþykki að taka tilboði Klæðningar ehf. kr. 1.111.111.111,- sem er 85,47% af kostnaðaráætlun. Samþykkt.
 8. Lagt fram samkomulag milli Orkuveitu Reykjavíkur og Nýsis þróunarfélags ehf., um að kaupsamningi dags. 22. maí 2006 um hlutafé í þróunarfélaginu Hvammi ehf. og Þurárhrauni ehf. verði rift. Samþykkt. Sigrún Elsa Smáradóttir og Svandís Svavarsdóttir sátu hjá.
 9. Lögð fram bréf Hafnarfjarðarbæjar til Orkuveitu Reykjavíkur dags. 20. desember s.l. og 10. þ.m. Forstjóri og Andri Árnason hrl. gerðu grein fyrir stöðu málsins og viðræðum við forsvarsmenn Hafnarfjarðarbæjar. Stjórnin felur þeim áframhaldandi meðferð málsins og frekari viðræður við bæjaryfirvöld í Hafnarfirði. Óskað er eftir minnisblaði varðandi stöðu mála sem afhent verði á næsta fundi.
 10. Lagt fram minnisblað Guðmundar Þóroddssonar, forstjóra Reykjavík Energy Invest, dagsett í dag um stöðu verkefna fyrirtækisins. Forstjóri og Andri Árnason hrl. gerðu grein fyrir þeim viðræðum sem átt hafa sér stað milli Orkuveitu Reykjavíkur og Geysis Green Energy í framhaldi af ákvörðun um að hætta við samruna REI og GGE.
 11. Formaður lagði fram erindi Óskars Bergssonar, borgarfulltrúa dags. 31. janúar s.l. um ósk Framsóknarflokksins að flokkurinn fái áheyrnarfulltrúa í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur. Frestað til næsta fundar.
 12. Svandís Svavarsdóttir kynnti að stýrihópur Reykjavíkurborgar sem unnið hefur að úttekt á málefnum Reykjavík Energy Invest skili skýrslu til borgarráðs í næstu viku.
 13. Formaður ræddi heitavatnsskort í yfirstandandi kuldakasti, einkum í Borgarfirði og á Akranesi. Forstjóri fór yfir málið og greindi m.a. frá lokunum sundlauga, vegna þessa. Forstjóra og stjórnarformanni falið að óska eftir fundi með forsætisráðherra vegna málsins þar sem ríkið er meðeigandi OR að Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar.
 14. Formanni falið að boða eigendafund um miðjan febrúar í samráði við borgar-, bæjar- og sveitarstjóra.
- Ákveðið að stjórnarfundir verði haldnir þriðja föstudag í mánuði kl. 11:00 en næsti fundur verði 15. febrúar n.k.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið kl. 18:00.

Kjartan Magnússon,
Ásta Þorleifsdóttir, Björn Bjarki Þorsteinsson, Gunnar Sigurðsson,
Júlíus Vífill Ingvarsson, Sigrún Elsa Smáradóttir, Svandís Svavarsdóttir.